

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Skagafirði.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs, í Skagafirði.

2. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Undir þetta ákvæði fellur m.a. ábyrgð á móttöku spilliefna og meðhöndlun úrgangs til vinnslu t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts, brotamálma og annars flokkaðs úrgangs í samráði við og undir eftirliti heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.

Sveitarstjórn sér til þess að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga.

3. gr.

Markmið samþykktarinnar er:

- að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs,
- að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs,
- að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur.

Í átt að hringrásarhagkerfi – heildarstefna Íslands í úrgangsmálum er lögð til grundvallar samþykkt þessari.

4. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast sorphirðu frá íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu og móttöku annars úrgangs, þ.m.t. móttöku spilliefna, brotajárns og landbúnaðarplasts. Þeir aðilar sem þetta annast skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Förgun úrgangs skal framkvæmd undir yfirstjórn og á ábyrgð sveitarstjórnar. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum að sjá um förgun úrgangs og samskipti við þá aðila sem við á.

5. gr.

Húsráðendum s.s. húseigendum og öðrum umráðamönnum húsnæðis er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarstjórn ákveður hverju sinni, í samráði við heilbrigðisnefnd og í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal tekið tillit til sorpgeymslna við skipulagningu.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpílátum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

6. gr.

Við hverja íbúð skulu vera þrjú sorpílát, fyrir pappír og pappa, fyrir plast og fyrir blandaðan úrgang, auk íláts fyrir lífúrgang. Sveitarfélagið útvegar ílát.

7. gr.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur til við venjulegt heimilis-hald í samræmi við nánari fyrirsmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Sorphirðumönnum ber aðeins skylda til að losa viðurkennd sorpílát.

Óheimilt er að láta dýrahæ, garðaúrgang, jarðvegsefni, þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h., brotajárn, húsgögn, raftæki og annan grófan úrgang í sorpílát. Slíkum úrgangi, skal komið á viðurkenndar mót-töku- og söfnunarstöðvar fyrir utan dýraleifar sem verða sóttar. Sérstök söfnun á úrgangstegundum, öðrum en þeim sem tilgreindar eru í 6. gr., í samræmi við 10. gr. laga nr. 55/2003, fer fram á söfnunar- og móttökustöðvum sveitarfélagsins á Sauðárkróki, Hofsósi og í Varmahlíð.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætt er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílatin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda ber að skila umfram úrgangi á viðurkennda móttökustaði á vegum sveitarfélagsins.

8. gr.

Hirða heimilisúrgangs skal fara fram reglulega eftir fyrirframgerðri áætlun, staðfestri af sveitarstjórn. Íbúum skal kynnt tíðni hirðu úrgangs með hæfilegum fyrirvara.

Allan úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örar en gert er ráð fyrir samkvæmt áætlun þar um, skal húsráðandi sjálfur og á eigin kostnað losa í móttökustöð á fyrirfram ákveðnum stöðum.

9. gr.

Fyrirtæki, stofnanir, bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi skulu sjálf sjá um að koma rekstrar-úrgangi í söfnunarstöð eða móttökustöð. Frágangur og umgengni um sorpílát, svo og flutningur á úrgangi frá þessum aðilum skal vera í samræmi við fyrirsmæli heilbrigðisnefndar.

II. KAFLI

Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.

10. gr.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur þeim raunkostnaði sem verður til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn er heimilt að haga gjaldskrá fyrir sorpgjöld með þeim hætti að það hvetji íbúa til að draga úr sorpmagni sem fer til urðunar.

Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustunnar.

Gjöld skal miða við fjölda sorphirðufláta, hvort sem um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang og tíðni söfnunar. Heimilt er að innheimta móttökugjald hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt magni og efnisflokki úrgangs, sbr. 9. gr.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs, skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við veitu- og framkvæmdasvið Skagafjarðar, framkvæmdaraðila eða til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

12. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og annan úrgang á götum, gangstígum við sorpgáma eða á opnum svæðum í sveitarfélaginu. Það sama á við um númerslausar bifreiðar, báta eða

önnur tæki. Starfsmönnum sveitarfélagsins er heimilt, í umboði heilbrigðisnefndar, að fjarlægja hluti sem eru geymdir þannig að í bága fari við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Heimilt er að undangenginni viðvörun að fjarlægja slíka hluti. Skal viðvörunin vera í formi límmiða, sem festur er á tækið. Viðvörunin skal auðkennd Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

Heimilt er að hafa á lögbýlum afmörkuð geymslusvæði fyrir númerslausar bifreiðar, báta eða önnur tæki og skal leitast við að hafa sjónræn áhrif þeirra í algjöru lágmarki. Öðrum er skylt að sækja um geymslusvæði fyrir slíka hluti og verða þau erindi afgreidd af veitu- og framkvæmdasviði sveitarfélagsins.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 68. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

14. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Skagafjarðar og sett samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 1125/2015, um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu, 10. mars 2023.

F. h. r.

Íris Bjargmundsdóttir.

Trausti Ágúst Hermannsson.